

**Nd.** **164. Frumvarp til laga** [114. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:  
Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Undanfarin ár hafa mörg verkalýðsfélög gert samninga við atvinnurekendur um greiðslur í sjúkra- og styrktarsjóði félaganna. Hafa slíkar greiðslur sem aðrar félagslegar ráðstafanir haft vaxandi þýðingu fyrir lausn á vinnudeilum og góða sambúð vinnusala og vinnukaupenda.

Nú hafa komið í ljós ýmsir erfiðleikar á innheimtu þessara greiðslna, og er þetta frumvarp til þess flutt að greiða úr þeim vanda. Hafa nokkrir forráðamenn verkalýðsfélaga farið fram á, að frumvarpið yrði flutt á Alþingi.

Þar eð samþykkt frumvarpsins mundi tvímælalaust stuðla að auknum vinnufriði í landinu, vonast flm. til, að það fái vinsamlega afgreiðslu.